

11. september 1975.

873

Nr. 424.

## AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Bann við framúrakstri í 1. tölulið 1. málsgreinar auglýsingar um umferð í Kópavogi nr. 256 frá 30. desember 1971, falli niður.
2. Niður skal falla svohljóðandi ákvæði 2. töluliðar 1. málsgreinar sömu auglýsingar (nr. 256/1971): "Vegurinn lokist við Borgarholtsbraut nema fyrir strætisvagna og áætlunarbifreiðir með fasta viðkomu í Kópavogi, þ.e. almenn umferð til suðurs eftir vegi þessum, framhá mótum Borgarholtsbrautar, er bönnuð."
3. Bifreiðastöður á Digranesvegi, Digranesbrú og Borgarholtsbraut eru bannaðar á svæðinu frá Neðstutröð að einstefnuvegi þeim, sem liggur frá Borgarholtsbraut að Hábraut.
4. Á götunum Melgerði og Vallargerði skal vera einstefnuakstur til vesturs. Bifreiðastöður á þeim götum skulu bannaðar við norðurbrún götu, þ.e. á hægri vegarhelmingi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 11. september 1975.*

**Sigurgeir Jónsson.**

22. september 1975.

Nr. 425.

## REGLUR

um viðbótarritlaun.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um úthlutun 12 millj. kr. fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1975 til íslenskra rithöfunda og höfunda fræðiritna.

2. gr.

Úthlutun miðast við ný ritverk útgefin eða flutt opinberlega á árinu 1974. Auglýst skal eftir upplýsingum frá höfundum um verk þeirra á þessu tímabili.

B 110

**3. gr.**

Veiting til hvers höfundar nemi 300 þús. kr., en verði úthlutunarnefnd sammála um það, getur hún þó ákveðið fjárhæð þessa nokkru hærri eða lægri.

**4. gr.**

Úthlutun annast þriggja manna nefnd skipuð af menntamálaráðherra þannig: Einn maður tilnefndur af kennurum í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar, og tveir menn utan Rithöfundasambands Íslands tilnefndir af stjórn sambandsins.

Nefndin ljúki störfum fyrir 15. desember 1975.

**5. gr.**

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í þingsályktun frá 18. maí 1972 og fjárlögum fyrir árið 1975 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 22. september 1975.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Runólfur Þórarinsson.*

**AUGLÝSING**

**um breyting á reglum nr. 164 1. júní 1973, um útdrátt vinninga í happdrættis-  
láni ríkissjóðs 1973, skuldabréf B.**

**1. gr.**

Í 1. gr. komi orðið „fulltrúa“ í stað „forstöðumanni“.

**2. gr.**

Í b-lið 2. gr. falli niður eftirfarandi orð: „og þannig úr garði gert, að vinnings minniseiningar úr kjarnaminni tölvunnar séu notaðar“.

**3. gr.**

Í 4. gr. komi orðið „Fulltrúi“ í stað orðsins „Forstöðumaður“.

**4. gr.**

Reglur þessar eru settar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 26 frá 13. mars 1973 og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 10. september 1975.*

F. h. r.

**Höskuldur Jónsson.**

*Þorsteinn Geirsson.*